

Árni Björn Helgason
Þórðarsveigur 24
113 Reykjavík



Reykjavík 26. júní 2015
UST201506-084/S.P.
09.06.01

Efni: Leyfi fyrir ljósmynda- og kvikmyndatöku á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun hefur móttakið erindi Árna Björns Helgasonar fyrir hönd Sagafilm, dagsett 20. apríl 2015, þar sem óskað er eftir leyfi til kvikmynda- og ljósmyndatöku innan Reykjanesfólkvangs, innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, við Grábrókargíga, í Dimmuborgum, innan Friðlandsins að Fjallabaki og við Álftaversgíga, á tímabilinu 11-16. ágúst 2015.

Lýsing framkvæmdar:

Um er að ræða kvikmynda- og ljósmyndatökur á friðlýstum svæðum 11-16. ágúst 2015, átta manns munu koma að myndatökunum. Hvorki tjaldbúðir né salerni verða sett upp, vélknúin tæki verða ekki notuð og ekki verður jarðvegi, gróðri eða dýralífi raskað eða breytt við myndatökurnar. Að mjög takmörkuðu leyti þarf að fara út fyrir merkta göngustíga eða vegi og takmarka verður umferð að mjög litlu leyti. Notast verður annars vegar við þrífót og hins vegar við ómannað loftfar (rafmagnsdróna). Samkvæmt umsókn verður notkun hins ómannaða loftfars í samstarfi við flugmálayfirvöld og ef slys yrði á loftfarinu þá yrði um lágmarksmengun að ræða. Á framangreind lýsing við um myndatökur á öllum hinum friðlýstu svæðinum sem sótt er um leyfi að mynda.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun lítur svo á að óheimilt sé að fljúga ómönnuðum loftföllum á friðlýstum svæðum nema með leyfi Umhverfisstofnunar, þar sem litið er á slíkt flug sem framkvæmd samkvæmt 38. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 sem hætta er á að spillt geti friðlýstum náttúruminum. Því þarf leyfi Umhverfisstofnunar þegar taka á kvikmyndir eða ljósmyndir innan friðlýstra svæða með ómönnuðum loftföllum.

Umhverfisstofnun telur að kvikmynda- og ljósmyndatökurnar eins og þeim er lýst hér að framan, á þessum árstíma valdi hvorki raski á gróðri né dýralífi, að því gefnu að farið verði eftir skilyrðum Umhverfisstofnunar fyrir hvert friðlýst svæði og skilyrðum Umhverfisstofnunar vegna notkunnar ómannaðra loftfara innan friðlýstra svæða.

Reykjanesfólkvangur:

Reykjanesfólkvangur var friðlýstur sem fólkvangur árið 1975, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 520/1975. Fótgangandi fólki er heimil för um allt svæðið en allt jarðrask er bannað innan fólkvangsins nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun veitir umbeðið leyfi fyrir kvikmynda- og ljósmyndatöku í Reykjanesfólkvangi á tímabilinu 11-16. ágúst 2015 með eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar með a.m.k. sólarhringsfyrirvara hvenær tölur hefjast og þeim líkur. Óskað er eftir því að umsækjandi hafi samband við svæðalandsvörðinn René Biasone í síma 8224076.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.

- Starfsmenn við kvikmynda- og ljósmyndatökuna gangi snyrtilega um svæðin og forðist allt rask.
- Óheimilt er að raska jarðminjum og gróðri.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Sagafilm skal kynna fyrir starfsfólki kvikmynda- og ljósmyndatökunnar þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og tök hefjast.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tökunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun.
- Leyfi þetta gildir á þeim staðsetningum sem gefnar voru upp í fylgigögnum með umsókn og í samráði við svæðalandsvörð.

Umhverfisstofnun mun fara með eftirlit vegna kvikmynda- og ljósmyndatökunnar í Reykjanesfólkvanginum. Frá 8.00 til 16.00 er ekki tekið gjald fyrir eftirlit. Fari tök fram á öðrum tíma verður tekið gjald fyrir það eftirlit samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar nr. 1281/2013, 11.200 kr/klst.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull:

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður 28. júní 2001 í þeim tilgangi að vernda bæði sérstaka náttúru svæðisins og merkilegar sögulegar minjar. Um þjóðgarðinn Snæfellsjökul gildir reglugerð nr. 568/2001. Samkvæmt reglugerðinni er gangandi fólki heimil för um þjóðgarðinn en ætlast er til þess að merktum gönguleiðum sé fylgt þar sem þær eru fyrir hendi. Akstur er leyfður á akvegum og merktum slóðum. Öllum er skylt að ganga vel og snyrtilega um þjóðgarðinn. Ekki má spilla þar gróðri, trufla dýralíf né hrófla við jarðmyndunum. Hvers konar atvinnustarfsemi og samkomuhald er óheimilt í þjóðgarðinum, nema til komi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar. Jarðrask er einnig óheimilt nema til komi sérstakt leyfi.

Umhverfisstofnun veitir umbeðið leyfi fyrir kvikmynda- og ljósmyndatöku í þjóðgarðinum Snæfellsjökli á tímabilinu 11-16. ágúst 2015 með eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar með a.m.k. sólarhringsfyrirvara hvenær tök hefjast og þeim líkur. Óskað er eftir því að umsækjandi hafi samband við Guðbjörgu Gunnarsdóttur, þjóðgarðsvörð í síma 8224025.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Starfsmenn við kvikmynda- og ljósmyndatökuna gangi snyrtilega um svæðin og forðist allt rask.
- Óheimilt er að raska jarðminjum og gróðri.
- Óheimilt er að trufla dýralíf. Stranglega bannað er að fljúga ómönnuðu loftfari nálægt bjargi og trufla þannig fuglalíf á svæðinu.
- Óheimilt er að fara út fyrir merktar gönguleiðir og akstur utan vega er bannaður.
- Sagafilm skal kynna fyrir starfsfólki kvikmynda- og ljósmyndatökunnar þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og tök hefjast.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tökunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun.
- Leyfi þetta gildir á þeim staðsetningum sem gefnar voru upp í fylgiskjali með umsókn og í samráði við þjóðgarðsvörð.

Umhverfisstofnun mun fara með eftirlit vegna kvikmynda- og ljósmyndatökunnar í Þjóðgarðinu Snæfellsjökli. Frá 8.00 til 16.00 er ekki tekið gjald fyrir eftirlit. Fari tök fram á öðrum tíma verður tekið gjald fyrir það eftirlit samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar nr. 1281/2013, 11.200 kr/klst.

Grábrókargígar:

Grábrókargígar voru fyrst friðlýstir árið 1962 en friðlýsingunni var breytt árið 1975, sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum B, nr. 216/1975. Efnistaka, jarðrask og hverskonar breyting á landslagi er bannað nema í samráði við Umhverfisstofnun. Gangandi fólk er heimil för um hið friðlýsta svæði enda sé fylgt merktum slóðum og snyrtimennsku gætt í hvívetna. Akstur á hinu friðlýsta svæði er háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun veitir umbeðið leyfi fyrir kvikmynda- og ljósmyndatöku við Grábrókargíga á tímabilinu 11-16. ágúst 2015 með eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar með a.m.k. með sólarhringsfyrirvara hvenær tölur hefjast og þeim líkur. Óskað er eftir því að umsækjandi hafi samband við svæðalandsvörðinn Ástu K. Davíðsdóttur í síma 8224082.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Starfsmenn við kvikmynda- og ljósmyndatökuna gangi snyrtilega um svæðin og forðist allt rask.
- Óheimilt er að raska jarðminjum og gróðri.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Óheimilt er að fara utan fyrir merka göngusgtíga.
- Aðrir gestir/ferðamenn verði ekki fyrir óþægindum eða truflun vegna kvikmynda- og ljósmyndatökunnar.
- Sagafilm skal kynna fyrir starfsfólki sínu þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og tölur hefjast.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tölunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun.
- Leyfi þetta gildir á þeim staðsetningum sem gefnar voru upp í fylgiskjali með umsókn og í samráði við svæðalandsvörð.
- Umhverfisstofnun bendir Sagafilm á að hafa samband við landeigendur á svæðinu.

Umhverfisstofnun mun fara með eftirlit vegna kvikmynda- og ljósmyndatökunnar við Grábrókargíga. Frá 8.00 til 16.00 er ekki tekið gjald fyrir eftirlit. Fari tölur fram á öðrum tíma verður tekið gjald fyrir það eftirlit samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar nr. 1281/2013, 11.200 kr/klst.

Dimmuborgir:

Dimmuborgir voru friðlýstar sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 1262/2011. Almenníngi er heimil för um náttúruvættið, en fylgja ber merktum stígum og leiðum í samræmi við fyrirmæli umsjónaraðila hverju sinni. Sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir öllum athöfnum og viðburðum svo sem stærri samkomum og kvikmyndum. Samkvæmt verndar- og stjórnunaráætlun 2015-2024 fyrir Dímuborgir skal halda truflun gesta og dýralífs vegna flugumferðar í lágmarki, hvort sem um ræðir flugvélar, þýrlur eða ómönnuð loftför í og við náttúruvættið. Þá skal líta til leiðbeininga Samgöngustofu um ómönnuð loftför og almennra reglna um flug, sbr. 3.10. gr. verndar- og stjórnunaráætluninar.

Umhverfisstofnun veitir umbeðið leyfi fyrir kvikmynda- og ljósmyndatöku í Dímuborgum á tímabilinu 11-16. ágúst 2015 með eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar með a.m.k. sólarhringsfyrirvara hvenær tölur hefjast og þeim líkur. Óskað er eftir því að umsækjandi hafi samband við svæðalandsvörðinn Davíð Örvar Hansson í síma 8224039.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Starfsmenn við kvikmynda- og ljósmyndatökuna gangi snyrtilega um svæðin og forðist allt rask.
- Óheimilt er að raska jarðminjum og gróðri.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.

- Sagafilm skal kynna fyrir starfsfólki kvikmynda- og ljósmyndatökunnar þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og tökur hefjast. Sagafilm kynni þær reglur sem settar eru fram í verndar- og stjórnunaráætlun fyrir Dimmuborgir og fjallað er um hér að framan.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tökunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun.
- Leyfi þetta gildir á þeim staðsetningum sem gefnar voru upp í fylgiskjali með umsókn og í samráði við svæðalandsvörð.

Umhverfisstofnun mun fara með eftirlit vegna kvikmynda- og ljósmyndatökunnar í Dimmuborgum. Frá 8.00 til 16.00 er ekki tekið gjald fyrir eftirlit. Fari tökum fram á öðrum tíma verður tekið gjald fyrir það eftirlit samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar nr. 1281/2013, 11.200 kr/klst.

Friðland að Fjallabaki

Friðland að Fjallabaki var friðlýst árið 1979, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 354/1979. Gangandi fólk er heimil för um friðlandið, enda fylgi það merktum stígum í Landmannalaugum og annarsstaðar þar sem það á við. Umferð vélknúinna ökutækja er aðeins leyfð á akvegum og merktum slóðum á friðlandinu. Skylt er að ganga snyrtilega um friðlandið, hvergi má þar fleygja rusli á víðavangi né grafa það niður, heldur skal flytja það í sorpgeymslur. Óheimilt er að vinna þar náttúruspjöll, s.s. skemma gróður, trufla dýralíf að óþörfu og hrófla við bergmyndunum. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask á friðlandinu er háð samþykki Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun veitir umbeðið leyfi fyrir kvikmynda- og ljósmyndatöku í friðlandinu að Fjallabaki tímabilinu 11-16. ágúst 2015 með eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar með a.m.k. sólarhringsfyrirvara hvenær tökum hefjast og þeim líkur. Óskað er eftir því að umsækjandi hafi samband við svæðalandsvörðinn Jón Björnsson í síma 8224056.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Starfsmenn við kvikmyndatökuna gangi snyrtilega um friðlandið og flytji allt sorp í sorpgeymslur.
- Fara skal eftir merktum göngustígum.
- Óheimilt er að vinna náttúruspjöll í friðlandinu, raska jarðminjum og gróðri.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Sagafilm skal kynna fyrir starfsfólki kvikmyndatökunnar þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og tökum hefjast.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tökunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun.
- Leyfi þetta gildir á þeim staðsetningum sem gefnar voru upp í fylgiskjali með umsókn og í samráði við svæðalandsvörð.

Umhverfisstofnun mun fara með eftirlit vegna kvikmynda- og ljósmyndatökunnar í Friðlandi að Fjallabaki. Frá 8.00 til 16.00 er ekki tekið gjald fyrir eftirlit. Fari tökum fram á öðrum tíma verður tekið gjald fyrir það eftirlit samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar nr. 1281/2013, 11.200 kr/klst.

Álftaversgígar:

Álftaversgígar voru friðlýstir sem náttúruvætti árið 1975, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 105/1975. Almennungi er heimil för um svæðið og dvöl í því í lögmætum tilgangi enda sé góðrar umgengni gætt. Umferð vélknúinna farartækja um svæðið utan vega er þó óheimil að nauðsynjalausum og bannað er að aka utan í gígum. Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til undanþágu frá þessum reglum.

Umhverfisstofnun veitir umbeðið leyfi fyrir kvikmynda- og ljósmyndatöku í Álftaversgígum á tímabilinu 11-16. ágúst 2015 með eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar með a.m.k. sólarhringsfyrirvara hvenær tókur hefjast og þeim líkur. Óskað er eftir því að umsækjandi hafi samband við svæðalandsvörðinn Jón Björnsson í síma 8224056.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Starfsmenn við kvikmynda- og kvikmyndatökuna gangi snyrtilega um svæðin og forðist allt rask.
- Fara skal eftir merktum göngustígum.
- Umferð vélknúinna farartækja utan vega er óheimil.
- Óheimilt er að raska jarðminjum og gróðri.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Sagafilm skal kynna fyrir starfsfólki kvikmyndatökunnar þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og tókur hefjast.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tókunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun.
- Leggja skal bílum á merkt bílastæði hjá Álftaversgígum.
- Leyfi þetta gildir á þeim staðsetningum sem gefnar voru upp í fylgiskjali með umsókn og í samráði við svæðalandsvörð.

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með kvikmynda- og ljósmyndatökunum við Álftanesgíga. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar nr. 238/2013, 11.200 kr./klst.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á eftirfarandi:

Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt fólki og forðast skal að trufla friðsæld hins friðlýsta svæðis og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.

Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma, eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr eða fugla.

Stjórnandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á hinu friðlýsta svæði, að það skaði ekki fólk, dýralíf eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu og finna og endurheimta verður loftfarið og alla hluti þess skyldi það brotlenda eða bila.

Vakin er athygli á reglum Samgöngustofu um starfrækslu ómannaðra loftfara, sbr. upplýsingabréf um ómönnuð loftför, dagsett 6.2.2014. Flugmálahandbók (AIP) Íslands, ENR 1.1.10. Samkvæmt reglunum þarf leyfi Samgöngustofu ef ómannað loftfar er yfir 5 kg að heildarþyngd. Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir að leyfishafi fylgi þeim reglum sem gilda um ómönnuð loftför við kvikmyndatökuna.

Um skaðabótaábyrgð vegna notkunar ómannaðra loftfara fer eftir ákvæðum laga nr. 60/1998, um loftferðir.


Umhverfisstofnun áréttar að umræddar kvikmynda- og ljósmyndatökur og meðferð hins ómannaða loftfars fer alfarið fram á ábyrgð Sagafilm.

Vakin er sérstök athygli á því að samkvæmt 17. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 er allur akstur utan vega bannaður.

Virðingarfyllt



René Biasone
Teymisstjóri



Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri